

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 876/2002**frá 21. maí 2002****um að koma á fót sameiginlega fyrirtækinu Galileo**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 171. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 13. janúar 1999 samþykkti Evrópuþingið ályktun um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins „Áætlun um samevrópskt staðsetningar- og leiðsögunet: þ.m.t. evrópsk áætlun um hnatræn gervihnattaleiðsögukerfi (GNSS)“ ⁽⁴⁾.
- 2) Hinn 10. febrúar 1999 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendinguna „Galileo - þátttaka Evrópu í nýrri kynslóð leiðsöguþjónustu um gervihnött“.
- 3) Í niðurstöðum leiðtogaráðsins á fundum þess í Köln (3. og 4. júní 1999), Feira (19. og 20. júní 2000), Nice (7.–11. desember 2000), Stokkhólmi (23. og 24. mars 2001), Laeken (14. og 15. desember 2001) og Barselóna (15. og 16. mars 2002) er vísað til Galileo.
- 4) Hinn 19. júlí 1999 samþykkti ráðið ályktun um þátttöku Evrópu í nýrri kynslóð leiðsöguþjónustu um gervihnött - Galileo - skilgreiningaráfangi ⁽⁵⁾.
- 5) Hinn 22. nóvember 2000 samþykkti framkvæmdastjórnin orðsendingu til Evrópuþingsins og ráðsins um Galileo.
- 6) Ráðið samþykkti ályktun um Galileo 5. apríl 2001 ⁽⁶⁾.

7) Hinn 26. mars 2002 samþykkti ráðið niðurstöður um Galileo.

8) Fyrstu rannsóknarsamningarnir og hagkvæmniathuganirnar voru fjármagnaðar samkvæmt fjórðu og fimmtu rammaáætluninni um rannsóknir og þróun.

9) Tækniþróunaráfanginn var fjármagnaður með fjárveitingu til samevrópska flutninganetsins á grundvelli g-liðar 4. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96 frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur Bandalagsins við uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins ⁽⁷⁾, þar sem kveðið er á um möguleikann á að fjármagna rannsóknar og þróunarstarf, og 17. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2236/95 frá 18. september 1995 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra neta ⁽⁸⁾.

10) Í upphafi ársins 2001 hóf stjórn Galileo-áætlunarinnar um leiðsögu um gervihnött, hér á eftir nefnd „Galileo-áætlunin“, þróunaráfangann, sem miðar að því að sannreyna og prófa forsendur sem gefnar voru á skilgreiningarstiginu, einkum að því er varðar ýmsa þætti í uppbyggingu kerfisins.

11) Í kjölfar þróunaráfangans skal koma stofnunar- og nýtingaráfangi, sem felur í sér framleiðslu á gervihnöttum og hlutum á jörðu niðri, geimskot gervihnatta og uppsetningu jarðstöðva og -búnaðar, þannig að kerfið verði starfhæft árið 2008.

12) Með hliðsjón af því hve margir þurfa að koma að þessu ferli og því fjármagni og tæknilegri sérþekkingu sem er nauðsynleg er afar mikilvægt að setja á stofn lögaðila sem getur tryggt samhæfða stjórnun fjármuna sem veitt er til Galileo-áætlunarinnar meðan á þróunaráfanga hennar stendur. Til að tryggja réttaröryggi skal taka fram að líta beri á þennan aðila, sem er ekki ætlað að þjóna fjárhagslegu hlutverki og sem ber ábyrgð á stjórnun opinberrar rannsóknaráætlunar er varðar evrópska hagsmuni, sem alþjóðastofnun í skilningi annars undirliðar

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB C 270 E, 25.9.2001, bls. 119.⁽²⁾ Stj. tíð. EB C 48, 21.2.2002, bls. 42.⁽³⁾ Álitin var skilað 7. febrúar 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).⁽⁴⁾ Stj. tíð. EB C 104, 14.4.1999, bls. 73.⁽⁵⁾ Stj. tíð. EB C 221, 3.8.1999, bls. 1.⁽⁶⁾ Stj. tíð. EB C 157, 30.5.2001, bls. 1.⁽⁷⁾ Stj. tíð. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 1346/2001/EB (Stj. tíð. EB L 185, 6.7.2001, bls. 1).⁽⁸⁾ Stj. tíð. EB L 228, 23.9.1995, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1655/1999 (Stj. tíð. EB L 197, 29.7.1999, bls. 1).

10. mgr. 15. gr. sjöttu tilskipunar ráðsins 77/388/EBE frá 17. maí 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna um veltuskatt⁽¹⁾ og annars undirliðar 1. mgr. 23. gr. tilskipunar ráðsins 92/12/EBE frá 25. febrúar 1992 um almennar ráðstafanir varðandi afurðir sem vörugjald er lagt á og yfirráð yfir þessum afurðum, flutning og eftirlit með þeim⁽²⁾.

13) Á fundi sínum í Stokkhólmi vakti leiðtoga ráðið athygli á því að einkageirinn er reiðubúinn til að leggja fram fé til viðbótar fé af opinberum fjárlögum fyrir þróunaráfangann. Fulltrúar helstu hlutaðeigandi atvinnugreina undirrituðu viljayfirlýsingu í mars 2001 þar sem þeir skuldbundu sig til að gefa til kynna framlag sitt til 200 milljón evra heildarfjárhæðar til þróunaráfangna Galíleó-áætlunarinnar með því að skrá sig fyrir hlutafé í sameiginlega fyrirtækinu eða með annars konar framlagi.

14) Því er nauðsynlegt að koma á fót sameiginlegu fyrirtæki skv. 171. gr. sáttmálans þar eð Galíleó-áætlunin felur í sér mikið rannsóknar- og þróunarstarf sem réttlætir og mun áfram réttlæta notkun fjármuna sem ætlaðir eru til rammaáætlana um rannsóknir og þróun. Að auki ætti þessi áætlun að gera kleift að ná verulegum árangri í þróun gervihnattaleiðsögutækni.

15) Helsta verkefni sameiginlega fyrirtækisins skal vera, í samræmi við ákvarðanir ráðsins, að ljúka þróun Galíleó-áætlunarinnar meðan á þróunaráfangna hennar stendur með því að sameina fjármagn frá því opinbera og einkageiranum. Að auki ætti það að gera kleift að tryggja stjórnun mikilvægra tilraunaverkefna.

16) Almennar meginreglur og reglur, sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðinni frá 21. desember 1977 um fjárlög Evrópubandalaganna⁽³⁾, skulu gilda um fjárhagsreglur sameiginlega fyrirtækisins

17) Við útfærslu tillagna um tilnefningu á framkvæmdastjóra sameiginlega fyrirtækisins skal framkvæmdastjórnin hafa í huga að hann sé skipaður á grundvelli verðleika og stjórnunarhæfileika auk hæfni og viðeigandi reynslu og að hann sinni starfi sínu án tengsla við nokkurt fyrirtæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Til framkvæmdar þróunaráfangna Galíleó-áætlunarinnar er sameiginlegu fyrirtæki í skilningi 171. gr. sáttmálans hér með komið á fót til fjögurra ára.

Markmið sameiginlega fyrirtækisins er að tryggja einingu stjórnar og fjármálastjórnar verkefnisins í rannsóknar-, þróunar- og tilraunaáfangna Galíleó-áætlunarinnar og í þessu skyni skal hún nýta fjármagn sem veitt er til áætlunarinnar.

Sameiginlega fyrirtækið telst vera alþjóðastofnun í skilningi annars undirliðar 10. mgr. 15. gr. tilskipunar 77/388/EBE og annars undirliðar 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 92/12/EBE.

Fyrirtækið skal hafa aðsetur í Brussel.

2. gr.

Stofnsamþykktir sameiginlega fyrirtækisins, eins og þær eru settar fram í viðaukanum, eru hér með samþykktar.

3. gr.

1. Til að tryggja nægilegt upplýsingastreymi og skilvirkt pólitískt eftirlit aðildarríkjanna með framkvæmd þróunaráfangna Galíleó-áætlunarinnar skal koma á fót eftirlitsstjórn. Hún skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarríki Evrópusambandsins ásamt fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar í stjórn sameiginlega fyrirtækisins.

2. Fulltrúi aðildarríkisins, sem fer með formennsku í ráði Evrópusambandsins, skal gegna formennsku í eftirlitsstjórninni.

3. Í tæka tíð og a.m.k. 15 dögum fyrir hvern fund stjórnarinnar skal framkvæmdastjórnin boða eftirlitsstjórnina til fundar og leggja öll skjöl, sem við koma málum á dagskrá fundarins, fyrir aðila hennar.

Eftirlitsstjórnin skal taka ákvörðun um öll mál sem eru á dagskrá fyrirhugaðs fundar stjórnarinnar og er henni heimilt að taka aðra liði á dagskrá fundarins. Framkvæmdastjórnin skal gera allt sem í hennar valdi stendur, er hún gegnir hlutverki sínu í stjórninni, til að tryggja að ákvarðanir stjórnarinnar endurspegli ákvarðanir og skoðanir eftirlitsstjórnarinnar.

4. Eftirlitsstjórnin skal taka ákvarðanir með auknum meirihluta atkvæða frá fulltrúum aðildarríkjanna og skulu atkvæðin hafa vægi í samræmi við 2. mgr. 205. gr. sáttmálans. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslunni.

5. Eftirlitsstjórnin setur sér starfsreglur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 145, 13.6.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2001/115/EC (Stjtið. EB L 15, 17.1.2002, bls. 24).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 76, 23.3.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/47/EB (Stjtið. EB L 193, 29.7.2000, bls. 73).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 356, 31.12.1977, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 762/2001 (Stjtið. EB L 111, 20.4.2001, bls. 1).

4. gr.

Ár hvert skal framkvæmdastjórnin leggja ársskýrslu fyrir ráðið um framvindu Galíleó-áætlunarinnar ásamt þróunaráætlun, sem tekur m.a. til fjárhagslegra þátta áætlunarinnar.

Í lok ársins 2003 skal framkvæmdastjórnin tilkynna ráðinu um árangur af útboðsferlinu sem sameiginlega fyrirtækið hóf í samræmi við 4. gr. stofnsamþykktar sinna.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna ráðinu um nýja félagsaðila.

Þátttaka nýrra aðila, þ.m.t. þátttaka aðila frá þriðju löndum, skal lögð fyrir ráðið til samþykktar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. maí 2002.

6. gr.

Sameiginlega fyrirtækið skal heyra undir reglurnar sem settar eru fram í ákvörðun ráðsins 2001/264/EB frá 19. mars 2001 um samþykkt öryggisreglna ráðsins ⁽¹⁾.

7. gr.

1. Koma skal á fót öryggisstjórn til að sjá um öryggismál sem varða Galíleó-kerfið. Hún skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarríki Evrópusambandsins og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Öryggisstjórnin setur sér starfsreglur.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Fyrir hönd ráðsins,

R. DE MIGUEL

forseti.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 101, 11.4.2001, bls. 1.

VIÐAUKI

STOFNSAMÞYKKTIR SAMEIGINLEGA FYRIRTÆKISINS GALÍLEÓ

1. gr.

Fjárhagslegar skuldbindingar sameiginlega fyrirtækisins skulu ekki vera meiri en sem nemur því fjármagni sem það hefur til umráða.

1. Heiti sameiginlega fyrirtækisins skal vera: „sameiginlega fyrirtækið Galiléó“.

2. gr.

2. Fyrirtækið skal hafa aðsetur í Brussel.

3. a) Stofnfélagar sameiginlega fyrirtækisins skulu vera:

Helstu verkefni sameiginlega fyrirtækisins skulu vera eftirfarandi:

— Evrópubandalagið sem framkvæmdastjórnin er í forsvari fyrir,

— Geimvísindastofnun Evrópu

b) Eftirfarandi aðilar geta orðið félagsaðilar að sameiginlega fyrirtækinu:

— fjárfestingarbanki Evrópu

— sérhvert fyrirtæki, eftir að framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt ráðinu um árangur af útboðsferlinu í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 876/2002 frá 21. maí 2002 um að koma á fót sameiginlega fyrirtækinu Galiléó⁽¹⁾ og eftir samþykki í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 5. gr. þeirrar reglugerðar.

1. að hafa umsjón með því að fella EGNOS-kerfið (European Geostationary Navigation Overlay Service) með sem hagkvæmustum hætti inn í Galiléó-áætlunina og sjá um framkvæmd þróunar- og fullgildingaráfanga Galiléó-áætlunarinnar og aðstoða við undirbúning fyrir stofnunar- og nýtingaráfanganng og rekstraráfangann;

2. að hefja, í samstarfi við Geimvísindastofnun Evrópu í samræmi við 3. gr. og með samningsbundnu samkomulagi við aðila í einkageiranum, rannsóknar- og þróunarstarfsemi sem er nauðsynleg til að ljúka þróunaráfanganum og samræmingu innlendrar starfsemi á þessu sviði; að hefja, í samstarfi við Geimvísindastofnun Evrópu í samræmi við 3. gr., fyrstu röð geimskota gervihnatta til að fullgera þá tækniþróun sem hefur átt sér stað og sýna fram á getu og áreiðanleika kerfisins með umfangsmiklum tilraunum.

4. Stofnfé sameiginlega fyrirtækisins skal myndað af eignum sem félagsaðilar þess leggja fram. Framlagið getur verið í fríðu. Meta skal virði og notagildi eigna með tilliti til starfsemi sameiginlega fyrirtækisins.

3. að aðstoða, í samstarfi við framkvæmdastjórnina, Geimvísindastofnunina og einkageirann, við að gera tiltæka fjármuni frá hinu opinbera og einkageiranum, sem nauðsynlegir eru til að unnt sé að leggja tillögur fyrir ráðið varðandi stjórnskipulag mismunandi áfanga áætlunarinnar, á grundvelli eftirfarandi starfsemi:

Stofnfélagarnir skulu skrá sig fyrir hlutfé sem samsvarar þeirri fjárhæð sem er tilgreind í skuldbindingum þeirra, þ.e. 520 milljónir evra fyrir Evrópubandalagið og 50 milljónir evra fyrir Geimvísindastofnun Evrópu.

— það skal gera viðskiptaáætlun, sem tekur til allra áfanga Galiléó-áætlunarinnar á grundvelli gagna sem framkvæmdastjórnin skal leggja fram, varðandi þjónustuna sem Galiléó getur veitt, tekjurnar sem hún getur skapað og nauðsynlegar hliðarráðstafanir,

Þegar framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt ráðinu um árangur af útboðsferlinu skal stjórnin tafarlaust bjóða fyrirtækjunum, sem um getur í öðrum undirlið b-liðar 3. mgr., að skrá sig. Fyrirtæki skulu skrá sig fyrir 5 milljónum evra innan eins árs. Lækka skal upphæðina niður í 250 000 evrur fyrir fyrirtæki, skráð hvert fyrir sig eða sameiginlega, sem teljast vera lítil eða meðalstór fyrirtæki í skilningi tilmæla framkvæmdastjórnarinnar frá 3. apríl 1996 um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum⁽²⁾.

— það skal gera heildarsamning, með útboðsaðferð sem byggist á samkeppni í einkageiranum, um fjármögnun stofnunar- og nýtingaráfanganng og rekstraráfangans þar sem gert er grein fyrir ábyrgð, hlutverkum og áhættu sem hið opinbera og einkageirinn deila með sér,

Stjórnin skal ákvarða upphæð þessa hlutfjár sem skal leysa út í réttu hlutfalli við þann hluta fjármagnsins sem hver félagsaðili hefur skráð sig fyrir. Hver sá aðili að sameiginlega fyrirtækinu, sem uppfyllir ekki skuldbindingar sínar varðandi framlag í fríðu eða afhendir ekki upphæð til greiðslu innan tilskilins tíma, fær ekki að greiða atkvæði í stjórninni og eftir sex mánuði skal fella úr gildi félagsaðild þar til hann hefur uppfyllt skuldbindingar sínar.

4. að hafa umsjón með framkvæmd allra áætlana, með aðstoð ráðgjafa ef þurfa þykir, og gera allar nauðsynlegar breytingar með tilliti til þeirrar þróunar sem á sér stað í þróunaráfanganum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 138, 28.5.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4.

3. gr.

Sameiginlega fyrirtækið skal gera samning við Geimvísindastofnun Evrópu þar sem:

- það felur henni að annast nauðsynlega starfsemi í þróunaráfanganum að því er varðar geimskorina og jarðstöðvaskorina sem tengist kerfinu og í því skyni skal sameiginlega fyrirtækið veita stofnuninni aðgengi að því fjármagni sem það hefur yfir að ráða fyrir áfangann. Geimvísindastofnun Evrópu skal bera ábyrgð á umsýslu fjármagnsins í samræmi við málsmeðferð, sem setja skal fram í samningnum sem stofnunin gerir við sameiginlega fyrirtækið og skal byggjast á meginreglunum um bann við mismunum, um gagnsæi og sanngjarna skiptingu vinnu, að teknu tilliti til þess að um Bandalagsáætlun er að ræða. Í þessu samhengi skal miða að nægilegri þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
- framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að tryggja að fjárhagslegra hagsmuna Bandalagsins sé gætt með skilvirku eftirliti. Ef framkvæmdastjórnin uppgötvar óreglu skal hún áskilja sér rétt til að draga úr eða stöðva tímabundið allar frekari fjárveitingar til sameiginlega fyrirtækisins. Fjárhæðin, sem hefur verið minnkuð eða stöðvuð tímabundið, skal samsvara fjárhæð óreglunnar sem framkvæmdastjórnin uppgötvaði. Öll deilumál skulu leyst á grundvelli ákvæða samningsins,
- málsmeðferð við framkvæmd Galíleó-áætlunarinnar er skilgreind, einkum starfsemi sem Geimvísindastofnun Evrópu hrindir í framkvæmd og tengist áætluninni og er fjármögnuð með fjármagni sem ekki er veitt til sameiginlega fyrirtækisins.

4. gr.

Með fyrirvara um 3. gr. og eftir útbod er sameiginlega fyrirtækinu heimilt að gera samning við fyrirtæki eða fyrirtækjasamtök um veitingu þjónustu, einkum með hliðsjón af þeirri starfsemi sem kveðið er á um í 3. lið 2. gr.

Sameiginlega fyrirtækið skal tryggja að í samningnum sé kveðið á um rétt framkvæmdastjórnarinnar til að stunda eftirlit, fyrir hönd sameiginlega fyrirtækisins, til að tryggja að fjárhagslegir hagsmunir Bandalagsins séu verndaðir og, ef brot er staðfest, að setja viðurlög sem eru letjandi og í réttu hlutfalli við brotið.

5. gr.

Sameiginlega fyrirtækið skal hafa réttarstöðu lögaðila. Í öllum aðildarríkjum Evrópubandalagsins skal það njóta viðtækasta gerhæfis sem lögaðilum er veitt samkvæmt lögum ríkjanna. Því er heimilt að afla sér eða rádstafa lausafé og fasteignum og vera aðili að dómsmáli.

6. gr.

Sameiginlega fyrirtækið skal eiga allar efnislegar og óefnislegar eignir, sem eru myndaðar eða það hefur fengið til þróunaráfanga Galíleó-áætlunarinnar. Ef við á skal eignarréttur á opinberu

dulmáli vera áfram í höndum opinbera yfirvaldsins sem þróaði dulkóðunaraðferðina.

7. gr.

1. Einingar sameiginlega fyrirtækisins skulu vera stjórnin, framkvæmdanefndin og framkvæmdastjórnin.
2. Stjórnin getur leitað ráða hjá ráðgjafarnefnd.

8. gr.

1. Skipan stjórnarinnar, atkvæðisréttur:
 - a) stjórnin skal skipuð félagsaðilum sameiginlega fyrirtækisins,
 - b) ef ekki er kveðið á um annað í þessum stofnsamþykktum skulu ákvarðanir stjórnarinnar samþykktar með einföldum meirihluta greiddra atkvæða. Hver félagsaðili sameiginlega fyrirtækisins skal fara með fjölda atkvæða í hlutfalli við hlutaféð sem hann er skráður fyrir. Framkvæmdastjórnin og Geimvísindastofnun Evrópu skulu hafa sama fjölda atkvæða og, í öllum tilvikum, a.m.k. 40% af heildarfjölda atkvæða hvort.
2. Hlutverk stjórnarinnar:
 - a) stjórnin skal taka nauðsynlegar ákvarðanir til að hrinda áætluninni í framkvæmd og annast eftirlit með framkvæmd hennar,
 - b) stjórnin skal einkum:
 - skipa framkvæmdastjóra og samþykkja skipuritið,
 - tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefndina,
 - samþykkja fjárhagsreglur sameiginlega fyrirtækisins í samræmi við 3. mgr. 14. gr.,
 - samþykkja árlega fjárhagsáætlun, þ.m.t. yfirlit yfir stöðugildi, þróunaráætlun fyrir þróunaráfanga áætlunarinnar og kostnaðaráætlun áætlunarinnar, í samræmi við 13. gr.,
 - samþykkja árs- og efnahagsreikningana,
 - taka ákvarðanir varðandi yfirtöku, sölu og veðsetningu lands og annarra fasteigna, veitingu hvers konar ábyrgða eða trygginga, öflun hluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum og lántöku eða -veitingu,
 - samþykkja, með 75% atkvæða meiri hluta, allar tillögur sem fela í sér umtalsverða breytingu á framkvæmd Galíleó-áætlunarinnar
 - samþykkja ársskýrslur um framvindu Galíleó-áætlunarinnar og fjárhagsstöðu hennar sem um getur í 2. mgr. 16. gr.,
 - beita öðru því valdi og leysa önnur þau verkefni, þ.m.t. að koma á fót undirnefndum, sem geta verið nauðsynleg fyrir Galíleó-áætlunina,
 - samþykkja starfslýsingu framkvæmdanefndarinnar.

3. Fundir og starfsreglur stjórnarinnar:

a) Stjórnin skal koma saman a.m.k. tvisvar á ári. Boða skal til aukafunda að beiðni annaðhvort þriðjungs fulltrúa í stjórninni, sem fara með a.m.k. 40% af atkvæðisrétti, eða að beiðni formanns eða framkvæmdastjóra. Fundirnir skulu að öllu jöfnu fara fram þar sem sameiginlega fyrirtækið hefur aðsetur. Stjórnin kýs sér formann úr eigin röðum. Fulltrúi framkvæmdanefndar og framkvæmdastjóri skulu taka þátt í fundunum nema annað sé ákveðið í sérstökum tilvikum,

b) Stjórnin setur sér starfsreglur.

9. gr.

1. Skipan framkvæmdanefndarinnar, atkvæðisréttur:

a) framkvæmdanefndin skal skipuð fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar, fulltrúa Geimvísindastofnunar Evrópu og, um leið og fyrirtæki taka þátt, fulltrúa iðngreina sem stjórnin tilnefni,

b) framkvæmdanefndin skal koma saman að viðstöddum framkvæmdastjóra og fulltrúa aðildarríkisins sem fer með formennsku í ráði Evrópusambandsins,

c) ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar skulu teknar með samhljóða samþykki, nema kveðið sé á um annað í stofnsamþykktum.

2. Hlutverk framkvæmdanefndarinnar:

a) framkvæmdanefndin skal vera stjórninni til aðstoðar við undirbúning ákvarðana sinna,

b) framkvæmdanefndin skal einkum:

— veita stjórninni og framkvæmdastjóranum ráðgjöf varðandi framvindu Galileo-áætlunarinnar með reglulegri skýrslugjöf,

— gera athugasemdir og beina tilmælum til stjórnarinnar um kostnaðaráætlun og drög að fjárhagsáætlun áætlunarinnar, þ.m.t. yfirlit yfir stöðugildi sem framkvæmdastjórinn gerir,

— samþykkja útboðsaðferðir og aðferðir við útboð samninga í samræmi við reglur um útboð samninga, sem stjórnin skal koma á, sem mega ekki hafa áhrif á ákvarðanatöku framkvæmdanefndarinnar,

— sinna þeim verkefnum sem stjórnin felur henni,

— samþykkja tilfærslu fjármagns samkvæmt samningnum sem gerður er í samræmi við 3. gr.

3. Fundir og starfsreglur framkvæmdanefndarinnar:

a) framkvæmdanefndin skal koma saman a.m.k. einu sinni í mánuði. Fundirnir skulu að öðru jöfnu fara fram þar sem sameiginlega fyrirtækið hefur aðsetur,

b) framkvæmdanefndin skal setja sér starfsreglur að fengnu samþykki stjórnarinnar.

4. Meðferð gagna:

framkvæmdanefndin skal samþykkja reglur um meðferð gagna til að samræma sjónarmið um öryggi, atvinnuleyndarmál og aðgang almennings. Í þessum reglum skal, ef við á, taka tillit til meginreglna og takmarkana sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾.

10. gr.

1. Framkvæmdastjórinn er aðalframkvæmdastjóri og ber hann ábyrgð á daglegri stjórnun sameiginlega fyrirtækisins og er löglegur fulltrúi þess. Stjórnin skal skipa hann að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Hann skal vera algerlega óháður er hann gegnir skyldustörfum sínum.

2. Hann skal stjórna framkvæmd áætlunarinnar í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem stjórnin setur og er hann ábyrgur gagnvart henni. Hann skal veita stjórninni, framkvæmdanefndinni, ráðgjafarnefndinni og öllum öðrum undirnefndum allar nauðsynlegar upplýsingar til að þær geti sinnt verkefnum sínum.

3. Framkvæmdastjórinn skal einkum:

— skipuleggja, stjórna og hafa umsjón með starfsfólki sameiginlega fyrirtækisins,

— leggja tillögur sínar varðandi skipuritið fyrir stjórnina,

— gera og uppfæra reglulega þróunar- og kostnaðaráætlun Galileo-áætlunarinnar, í samræmi við fjárhagsreglurnar, og leggja þær fyrir stjórnina,

— semja drög að árlegri fjárhagsáætlun Galileo-áætlunarinnar, í samræmi við fjárhagsreglurnar, þ.m.t. yfirlit yfir stöðugildi, og leggja þau fyrir stjórnina,

— tryggja að skuldbindingar gagnvart framkvæmdastjórninni samkvæmt samningnum milli sameiginlega fyrirtækisins og framkvæmdastjórnarinnar séu uppfylltar, einkum ákvæði hans sem gera fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar kleift að halda uppi skilvirkri eftirliti og, ef upp kemst um óreglu, að setja viðurlög sem eru letjandi og í réttu hlutfalli við óregluna.

— leggja árs- og efnahagsreikningana fyrir stjórnina,

— leggja fyrir stjórnina allar tillögur sem fela í sér umtalsverða breytingu á útfærslu Galileo-áætlunarinnar,

— bera ábyrgð á öryggi og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla öryggiskröfur,

— gera ársskýrslu um framvindu Galileo-áætlunarinnar og fjárhagsstöðu hennar, ásamt öðrum skýrslum sem stjórnin getur krafist, og leggja þær fyrir stjórnina.

(¹) Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

11. gr.

1. Ákvarða skal fjölda starfsfólks í yfirlitinu yfir stöðugildi sem sett verður fram í árlegri fjárhagsáætlun.
2. Ráðningarsamningur starfsfólks sameiginlega fyrirtækisins skal vera tímabundinn og byggjast á ráðningarskilmálum annarra opinberra starfsmanna Evrópubandalaganna.
3. Sameiginlega fyrirtækið skal bera allan starfsmannakostnað.
4. Stjórnin skal samþykkja nauðsynlega tilhögun framkvæmdar.

12. gr.

Öllum tekjum sameiginlega fyrirtækisins skal varið til verkefnanna sem skilgreind eru í 2. gr. Með fyrirvara um 21. gr. skal ekki reiða fram greiðslur til félagsaðila sameiginlega fyrirtækisins með því að skipta hugsanlegum tekjum sem eru umfram útgjöld sameiginlega fyrirtækisins.

13. gr.

1. Fjárhagsárið skal samsvara almanaksárinu.
2. Fyrir 31. mars ár hvert skal framkvæmdastjórinn senda félagsaðilunum kostnaðaráætlun Galíleó-áætlunarinnar sem stjórnin samþykkir. Í kostnaðaráætluninni skal tilgreina áætluð árleg útgjöld fyrir næstu tvö árin. Í þessari áætlun skal vera yfirlit yfir áætlaðar tekjur og útgjöld á fyrra fjárhagsári (bráðabirgðadrög að fjárhagsáætlun) sem er nægilega ítarlegt með tilliti til afgreiðslu fjárlaga hvers aðila innan sameiginlega fyrirtækisins að því er varðar fjárframlög hans til sameiginlega fyrirtækisins. Framkvæmdastjórinn skal veita félagsaðilunum allar nauðsynlegar viðbótarupplýsingar.
3. Félagsaðilarnir skulu þegar í stað koma athugasemdum sínum um kostnaðaráætlunina á framfæri við framkvæmdastjórnann, einkum að því er varðar yfirlit yfir áætlaðar tekjur og útgjöld fyrir komandi ár.
4. Á grundvelli samþykkrar kostnaðaráætlunar Galíleó-áætlunarinnar, og með tilliti til athugasemda félagsaðila, skal framkvæmdastjórinn semja drög að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og leggja hana fyrir stjórnina til samþykktar, með 75% meiri hluta atkvæða, fyrir 30. september.

14. gr.

1. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur með 75% meiri hluta atkvæða.
2. Tilgangur fjárhagsreglnanna er að tryggja trausta og hagkvæma fjármálastjórnun sameiginlega fyrirtækisins.
3. Fjárhagsreglurnar skulu einkum innihalda meginreglur um:
 - framsetningu og skipulag kostnaðaráætlunar og árlegrar fjárhagsáætlunar,

- framkvæmd árlegrar fjárhagsáætlunar og innri fjármálastjórn,
- greiðslumáta framlaga félagsaðila sameiginlega fyrirtækisins,
- að halda og setja upp reikninga og birgðaskrár auk þess að gera og setja fram árlega efnahagsreikninga,
- útboðsaðferð, sem byggist á jafnræði milli landa félagsaðila sameiginlega fyrirtækisins og Bandalagseinkennum verkefnisins, gerð og skilmálar og skilyrði samninga og pantana fyrir hönd sameiginlega fyrirtækisins.

4. Setja skal nákvæmar framkvæmdarreglur í samning milli sameiginlega fyrirtækisins og framkvæmdastjórnarinnar sem gera framkvæmdastjórninni kleift að tryggja að skyldur hennar séu uppfylltar skv. 274. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

15. gr.

Innan tveggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs skal framkvæmdastjórinn leggja ársreikninga og efnahagsreikninga næstliðins árs fyrir Endurskoðunarrétt Evrópubandalaganna. Endurskoðun endurskoðunarréttarins skal byggjast á færslum og skal hún framkvæmd á staðnum. Framkvæmdastjórinn skal leggja ársreikninga og efnahagsreikninga, ásamt skýrslu endurskoðunarréttarins, fyrir stjórnina til samþykkis með 75% meiri hluta atkvæða. Framkvæmdastjórnunum er heimilt og, ef stjórnin fer fram á það, er honum skylt að gera athugasemdir við skýrsluna. Endurskoðunarrétturinn skal senda skýrsluna til félagsaðila sameiginlega fyrirtækisins.

16. gr.

1. Í þróunaráætlun Galíleó-áætlunarinnar skal tilgreina skipulag varðandi framkvæmd allra þátta Galíleó-áætlunarinnar. Hún skal taka til starfstíma sameiginlega fyrirtækisins og skal uppfæra hana reglulega.
2. Í ársskýrslunni skal greina frá framvindu Galíleó-áætlunarinnar, einkum að því er varðar tímaáætlun, kostnað og framkvæmd áætlunarinnar.

17. gr.

1. Sameiginlega fyrirtækið ber eitt ábyrgð á því að það uppfylli skyldur sínar.
2. Samningsbundin ábyrgð sameiginlega fyrirtækisins skal háð viðeigandi samningsbundnum ákvæðum og þeirri löggjöf sem gildir um viðkomandi samning.
3. Allar greiðslur frá sameiginlega fyrirtækinu vegna ábyrgðarinnar, sem um getur í 2. mgr., ásamt tengdum kostnaði og gjöldum, skulu teljast til útgjalda sameiginlega fyrirtækisins.
4. Framkvæmdastjórinn skal leggja tillögur fyrir stjórnina varðandi nauðsynlegar tryggingar og skal sameiginlega fyrirtækið hafa þá tryggingu sem stjórnin mælir fyrir um.

18. gr.

Sameiginlega fyrirtækið skal tryggja vernd viðkvæmra upplýsinga ef óheimil birting þeirra gæti skaðað hagsmuni samningsaðilanna. Sameiginlega fyrirtækið skal beita öryggisreglum og lágmarksstöðlum sem gilda samkvæmt ákvörðun ráðsins 2001/264/EB frá 19. mars 2001 um samþykkt öryggisreglna ráðsins ⁽¹⁾.

Sameiginlega fyrirtækið skal taka tillit til reynslu öryggisstjórnar Galileo-kerfisins (GSSB). Það skal einnig fara að reglum öryggisstjórnarinnar sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 876/2002 í tengslum við allar spurningar er varða öryggi kerfisins.

19. gr.

1. Öðrum aðilum en þeim sem um getur í a-lið 3. mgr. 1 gr. er heimilt að gerast félagsaðilar að sameiginlega fyrirtækinu.

2. Beiðni um aðild skal beint til framkvæmdastjórnans sem skal senda hana til stjórnarinnar. Stjórnin skal ákveða hvort sameiginlega fyrirtækið skuli hefja samningaviðræður við umsækjandann um aðildarskilmála, einkum með tilliti til öryggisþátta. Ef ákvörðunin er jákvæð skal sameiginlega fyrirtækið semja um aðildarskilmála og leggja þá fyrir stjórnina sem skal taka ákvörðun með 75% meiri hluta greiddra atkvæða.

3. Ekki er heimilt að veita þriðja aðila félagsaðild að sameiginlega fyrirtækinu nema stjórnin hafi áður veitt samhljóða samþykki fyrir aðildinni. Óheimilt afsal aðildar hefur í för með sér tafarlausu uppsögn aðildar að sameiginlega fyrirtækinu og skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem sameiginlega fyrirtækið hefur hugsanlega orðið fyrir.

20. gr.

Sameiginlega fyrirtækið skal stofnað til fjögurra ára frá birtingu þessara stofnsamþykktanna í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Eftir því hve vel gengur að ná markmiðum sameiginlega fyrirtækisins, eins og þau eru skilgreind í 2. gr., er heimilt að framlengja fyrrnefnt tímabil með því að gera breytingar á stofnsamþykktunum í samræmi við ákvæði 23. gr. Tímabilið skal í öllum tilvikum framlengja þar til skuldbindingarnar, sem leiða af samningnum, sem um getur í 3. gr., hafa verið uppfylltar.

21. gr.

Að því er varðar málsmeðferð við slit sameiginlega fyrirtækisins skal stjórnin skipa einn eða fleiri skiptastjóra, sem skulu fara að ákvörðunum stjórnarinnar, sem teknar eru með 75% meiri hluta atkvæða.

22. gr.

Um öll þau mál sem falla ekki undir þessar stofnsamþykktir skulu lög ríkisins, þar sem sameiginlega fyrirtækið hefur aðsetur, gilda.

23. gr.

Sérhverjum aðila að sameiginlega fyrirtækinu er heimilt að leggja fyrir stjórnina tillögur um breytingar á þessum stofnsamþykktum.

Ef stjórnin samþykkir slíkar tillögur með 75% meiri hluta atkvæða skal framkvæmdastjórnin leggja tillögu fyrir ráðið til samþykkis í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í fyrsta undirlíð 172. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjúd. EB L 101, 11.4.2001, bls. 1.